

Reykjavík, 27. nóvember 2013.

Efni: Skýrsla ráðgjafarhóps iðnaðar- og viðskiptaráðherra um sæstreng til Evrópu (59. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda skýrslu þar sem kannaðir eru nánar möguleikar að leggja sæstreng fyrir raforku til Evrópu.

Viðskiptaráð fjallaði stuttlega um lagning sæstrengs í skýrslu sinni til [Viðskiptabings](#) í febrúar síðastliðnum. Var þar m.a. tekið fram að vegna þeirra fjárhagslegu hagsmuna sem í húfi eru fyrir hagkerfið í heild væri rétt að hrinda af stað heildstæðu mati á hagkvæmni ólíkra valkosta í orkunýtingu. Við slíkt mat væri mikilvægt að horfa á virðiskeðju þessara valkosta og að upplýsingar liggi fyrir um afleiddar afleiðingar ólíkrar stefnumörkunar.

Það er flestum ljóst að frekari könnunar er þörf áður en unnt er að taka ákvörðun um lagningu sæstrengs. Þar skiptir meginmáli að hlutlægt og heildstætt mat á arðsemi og áhættu verði látið ráða för. Aðeins þannig er vörður staðinn um heildarhagsmuni Íslendinga þegar kemur að orkunýtingarmálum.

Ísland þekkir vel kosti þess að tengjast stærri mörkuðum erlendis bæði á grundvelli regluverks og innviða á borð við fjarskiptasæstrengi. Opnir markaðir skapa grundvöll fyrir lítil hagkerfi til að sækja í stæri hóp viðskiptavina, að auka virði afurða sinna sem og að afla bæði þekkingar og fjármagns. Allt ýtir þetta undir samkeppnishæfni hagkerfa og bætir lífskjör til lengri tíma. Til að draga fram hvort þetta verði reyndin með lagningu sæstrengs krefst frekari rýni. Hvað það varðar leggur ráðherra til í skýrslunni eftirfarandi leiðir:

- 1) Fela starfshópi eða starfshópum að kanna ítarlegar einhverja afmarkaða þætti framkvæmdarinnar.
- 2) Stjórnvöld hefji formlegar könnunarviðræður við mögulega samningsaðila (bresk stjórnvöld hafa þar helst verið nefnd) um með hvaða hætti sala á íslenskri orku gæti átt sér stað í gegnum sæstreng (lengd samninga, ívilnanir fyrir endurnýjanlega orku, eignarhald o.fl.).
- 3) Hægja á frekari könnun verkefnisins.

Margt í skýrslu ráðgjafahópsins bendir til að ábati af lagningu sæstrengs geti verið verulegur fyrir íslenskt samfélag. Af þeirri ástæðu einni er engin þörf á að hægja á frekari könnun verkefnisins. Þvert á móti ætti að fylgja vinnu hópsins eftir með markvissum hætti til að fá skorið úr þeim óvissuþáttum sem tíundaðir eru í skýrslunni. Það er grunnforsenda upplýstrar ákvarðanatöku um mögulegan ábata og fórnarkostnað af framkvæmdinni fyrir hagkerfið í heild. Skýr sýn á heildarmyndina til skemmri og lengri tíma er einnig lykilþáttur í því að umræðan um næstu skref sé bæði málefnaleg og lausnamiðuð.

Tillögur ráðgjafahópsins á bls. 14-15 í skýrslunni er ágætur leiðarvísir í þessum efnun fyrir stjórnvöld og Alþingi. Að öðru leyti telur undirritaður ótímabært að veita efnislega ábendingar við tiltekna þætti skýrslunnar.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands